


Afstöðumynd - 1:500

## BYGGINGARLÝSING - Galtaflöt 11, Hrunamannahrepp.

Galtaflöt 11 er frístundahús á einni hæð. Landeignanúmer L200929.
Stærð lóðar er 6.330 m2. Endanleg staðsetning hússins innan byggingarreitssins skal ákveðin í samráði við byggingarfulltrúa svæðisins.

Stærðir hússins eru:
Brúttó flatarmál 64,1 m2
Brúttó rúmmál 231,4 m3
Sjá nánar skráningartöflu fyrir húsið.

Burðarvirki hússins er steinsteypt og úr timbri. Gólf er úr timbri, en þverveggir er liggja á malarpúða eru steinsteyptir. Útveggir og þakvirki eru úr timbri.
Þak er með 20° halla og er byggt upp með hefðbundnum sperrum og kraftsperrum. Vatnsklæðning þaks er dökkt bárustál í flokki T. Þak er loftræst sbr. gr. 10.5.5. í byggingarreglugerð.

Útveggir eru einangraðir með 145 mm steinull í 45x145 mm timburgrind og klæddir með 9 mm krossvið. Klæðning útveggja er úr timbri klædd lóðrétt 1 á 2 á loftunargrind. Litur útveggja verður ljósbrúnn.

Gluggar og útihurðir eru úr timbri. Allt gler er a.m.k. tvöfalt K-gler. Litur glugga og útihurða verður ljósbrúnn.

Einangrun og kólnunartölur eru skv. byggingarreglugerð 112/2012 (BR) og útreikningi sbr. "Orkuramma hússins".

| | | BR w/m2°k | Raun w/m2°k |
|---|---|---|---|
| Útveggir | 145 mm þéttull | 0,30 | 0,27 |
| Þak | 220 mm þakull | 0,20 | 0,19 |
| Timburgólf | 200 mm þéttull | 0,20 | 0,20 |
| Gluggar | | 2,00 | 1,50 |
| Útihurðir | | 3,00 | 1,60 |
| Vegið meðaltal útveggir/gluggar/hurðir | | 0,85 | 0,51 |

Heildar varmatap hússins er 3.374 wött skv. BR, en rauntölur hússins eru minni eða 2.807 wött. Hlutfall krafa/raun > 100 % eða 120,2 % = Í lagi.

Innveggir hússins eru byggðir upp með tré- eða blikkstoðum, sem fyllt er með steinullareinangrun og klæddir með spónaplötum eða gipsplötum. Loft eru klædd með timburþiljum. Innihurðir eru tréhurðir með umferðabreidd 800 mm.

Raflagnir eru hefðbundnar og eru í ídráttarrörum í útveggjum, loftum og milliveggjum. Inntak raflagna og staðsetning rafmagnstöflu er í anddyri.

Húsið verður hitað með heitu vatni í gólfhitamottum.
Inntak á heitu og köldu vatni er í skáp sem settur er utan á húsið. Neysluvatnslagnir eru lagðar í lagnagrind útveggja og milliveggjagrindum. Varmaskiptir neysluvatns skal vera stilltur þannig að hitastig á heitu vatni fara ekki yfir 65°C við töppunarstaði sbr. gr.14.5.10 í byggingarreglugerð. Öll votrými í húsinu skulu vera með gólfniðurföll (GN).

Fráveitulagnir eru lagðar að rotþró sem skal vera a.m.k. 3.000 ltr og hafa viðurkenningu frá Umhverfisstofnun. Siturlögn skal útbúa aftan við rotþró skv. leiðbeiningum framleiðanda rotþróarinnar.

Húsið hefur þrjár rýmingaleiðir (RL) um aðalinngang, hurð úr stofu og útihurð í baðherbergi. Björgunarop (BO) eru í svefnherbergjum.
Íbúð skal hafa reykskynjara (R) í hverju svefnherbergi og einn í alrými.
Handslökkvitæki (HS) skal staðsetja í anddyri.

**Merkingar:**
BO merkir björgunarop skv. gr. 9.5.5. í byggingarreglugerð.
GK merkir gólfkóta húss, settur hér 0,00 m.
GN merkir gólfniðurfall
HS merkir handslökkvitæki a.m.k. 6 lítra
IR inntaksstaður rafmagns og staðsetning rafmagnstöflu
RL merkir rýmingarleið
R merkir reykskynjari

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Samþykkt
07. júlí 2021
Byggingarfulltrúi

**Skráningartafla:** Galtaflöt 11, Hrunamannahrepp
**Landeignarnúmer:** L200929
**Matshlutanúmer:** 01
Útgáfa: 4.01b
**Skrásetjari:** Halldór Stefánsson
**Kennitala:** 291261-5909
**Dags.:** 7.6.2021

| D0 Lokun | D1 Rými hæð-röð | D2 Notkun texti | D3 Höfuð-flokkun | D4 Eignar-hald | D5 Botnflötur m² | D5M Milliflötur m² | D6 Stigar m² | D7 Op m² | D8 Brúttóflötur m² | D9 Brúttóflötur sh < 1,8 | D10a Salarhæð min | D10b Salarhæð max | D11 Brúttó rúmmál m³ | D12 Nettóflötur m² | D16 Birt flatarmál m² | Reiknitala skiptarúmmáls | D17 Skipta-rúmmál m³ |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | **Matshluti** | | | 64,1 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 64,1 | 0,0 | | | 228,2 | 54,2 | 64,1 | | 182,112 |
| | | **Botn** | | | | | | | | | | | 12,8 | | | | |
| | 01 | **1. hæð** | | | 64,1 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 64,1 | 0,0 | | | 215,4 | 54,2 | 64,1 | | |
| A | 0101 | **Íbúð** | N | 0101 | 64,1 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 64,1 | 0,0 | 2,80 | 3,97 | 215,4 | 54,2 | 64,1 | 3,36 | 182,112 |
| B | 0102 | **Verönd/skyggni** | N | 0101 | 9,1 | | | | 9,1 | | | | | | | | |
| C | 0103 | **Verönd** | N | 0101 | 74,8 | | | | 74,8 | | | | | | | | |

(Uppskipting og lýsing: D0–D4; Stærðir: D5–D17)

**Athugasemdir**

**Sameignir sumra**

**Eignarhald**

| Eignar-hald | Notkun texti | Birt flatarmál m² | Skiptarúmmál Séreign m³ | Skiptarúmmál Séreign og sameign m³ |
|---|---|---|---|---|
| 0101 | **Íbúð** | 64,1 | 182,112 | 182,112 |
| | **Alls** | 64,1 | 182,112 | 182,112 |

Skráningartafla

20230371

**Breyting 2:**
**Breyting 1:**

**Halldór Stefánsson, byggingatæknifræðingur MTFÍ**
**Kt. 291261-5909**
**Jörundarholti 121**
**300 Akranes** **Sími 860-0061 Netfang hst@akur.is**

**Verkheiti:**
**Galtaflöt 11, Hrunamannahrepp L200929**

**Verkþáttur: Aðaluppdráttur**
**Afstöðumynd, skráningartafla og skýringar**

| | | |
|---|---|---|
| **Dags: 07-06-2021** | **NR: 21-165** | **Útgáfa: 1** |
| **Hannað: HS** | **Blaðstærð A2** | **Mkv: 1:500** |
| **Teiknað: HS** | 30/6 '21 | **Teikning nr.** |
| Undirskrift hönnuðar | | **A 100** |